

1142. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 27. janúar 2016, kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1141. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1141. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Staðfesting stjórnar á kjöri fulltrúa í stjórn LV

Ólafía Björk lagði fram eftirfarandi tillögu, las hana upp og birti á skjá:

„Tillaga um tilnefningu stjórnar VR á stjórnarmönnum í Lífeyrissjóð verzlunarmanna lögð fram á stjórnarfundum VR sem haldinn er í Húsi verlsunarinnar 27. janúar 2016.

Í samræmi við reglur stjórnar VR um tilnefningu VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna frá 12. mars 2014 hafa eftirtaldir aðilar við kosnir til stjórnarsetu í Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Aðalmenn kosnir af stjórn VR:

Ína Björk Hannesdóttir, kt. 280472-4689

Magnús Ragnar Guðmundsson, kt. 030667-5069

Aðalmenn kosnir af trúnaðarráði VR

Auður Árnadóttir, kt. 081070-3429

Ólafur Reimar Gunnarsson, kt 270954-3089

Varamenn kosnir af trúnaðarráði VR

1. Ásta Rut Jónasdóttir, kt. 270274-5449

2. Ingvi G. Ingason, kt. 230563-5359

3. Perla Björk Egilsdóttir, kt. 080971-4789

4. Birgir Mór Guðmundsson, kt. 040166-5729

Lagt er til, í samræmi við gr. 5.1 í samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, að stjórn VR tilnefni ofangreinda aðila í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir næsta kjörtímabil sem hefst 1. mars 2016 og lýkur 28. febrúar 2019“



Ólafía Björk spurði þá að lokum hvort einhver hefði athugasemd fram að færa og var svo ekki. Þá bar hún tillöguna upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 12:35
Árni Leósson, fundarritari